

Fundargerð 87. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2025, þriðjudaginn 1. apríl kl. 08:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Fannar Jónasson, Íris Róbertsdóttir, Gerður Björk Sveinsdóttir, Sigfús Ingi Sigfússon, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Heimir Örn Árnason og Sigurjón Andrésson.

Að auki sátu fundinn Sigríður Vilhjálmsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Drög að frumvarpi um breytingar á lögum um veiðigjald - óskað umsagnar - 2503003SU

Formaður fór yfir efni umsagnar sem fyrirhugað er að samtökin sendi inn vegna málsins og innihald greiningar KPMG. Varaformaður greindi frá umræðum við atvinnumálaráðherra um málið.

2. Landsréttur - aflaggjald á eldisfisk - 2503004SU

Gerður B. Sveinsdóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar, greindi frá helstu atriðum í dómi Landsréttar vegna innheimtu aflaggjalds á eldislax. Ræddi hún breytingar á löggjöf frá því að atvik máls áttu sér stað og áskoranir varðandi gjaldtöku í núverandi lagaumhverfi.

Formaður leggur til að á næsta fundi samtakanna verði lögð fram bókun um nauðsynlegar úrbætur á lagaumhverfinu.

Formaður leggur jafnframt til að mögulega verði fundað aftur hjá samtökunum í næstu viku.

Fundi var slitið kl. 08:30